

Í Montreal var skift um vagna til Boston. Þar varð 2 tíma bið, nægilega löng fyrir hvern, sem vildi, til þess að ganga upp að „Skírgetnaðar“ kyrkjunni (Immaculate conception), eða hvað hún heitir, sem kaþólskir menn hafa reist þar skammt frá vagnstöðinni. Þangað gekk fjöldi manns, meðan biðin varð, og sem sannur Íslendingur fylgdi eg eftir fjöldanum. Eg sé þar Pétur og Pál og Mariú og Gabriel og annað fornaldar fólk, en stutt varð um samræðurnar. Þau eru öll búin að missa málid fyrir löngu, og sjaldgæft orðið, að þau hreyfi hönd eða höfuð fyrir þráfaldán bænastað hinna trúuðustu í kyrkjunni. Öllu hnignar, en öllu er haldið við í trúnni, jafnvel þótt það kosti sál og sannfæringu.—

Það var eitt sinn maður á ferð. Er hann fór að heiman, þurfti hann yfir fljót, sem varð á vegi hans. Og er hann kom ofan í bátinn, snéri hann hnakka og hæli að stafni, og réri aftur á bak, unz hann bar að landi. Við ferjustaðinn fékk hann sér best til næsta kauptúns, og er hann steig á bak, fór hann öfugur í söðlinum, svo að bak vissi fram, en ásýnd aftur. Þannig ferðaðist hann það sem eftir var vegarins, þótt á þurt land væri komið, af því þannig var ferðin hafin í byrjun.—

Á laugardagsmorguninn vaknaði eg upp við góð tímindi,— lestin var komin til Boston. Fyrsti maðurinn þar, sem eg bar kennsl á, eftir að eg var kominn á strætisvagninn, var Leifur Eirksson. Hann stendur enn við vegamótin á Commonwealth Ave., skyggir hönd fyrir augu og horfir móti landsuðri. Hann er nú steindrangur eins og hinir, en þó held eg hann tali skiljanlegri orðum og með meira lífi til allra vor, en Pétur austræni úr Galileu. Næstan manna hitti eg Vilhjálm Stefánsson, og svo nokkra gamla skólabræður, og svo mann af manni. Það var í Cambridge. En nú voru tvö ár liðin, frá því eg var þar síðast, og margt orðið breytt. Margt breytst á annan hátt en vér ætludum. Vér tökum hljóðir sumum þessum breytingum og semjum oss að þeim, er stundir liða fram, á aðrar sættumst vér aldrei.

En þá er að minnast Unitaraþingsins með nokkrum orðum.

Eins og venja er til er þing þetta haldið í Boston Mass. 4. víku maímaðar ár hvert. Þingið var sett 22. og því slitið 27.